

Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 VOGAR

Garðabær, 10. ágúst 2023
Málsnúmer: 202307-0028
SS

Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu vegna íbúðarbyggðar í Grænubbyggð í Vogum.

Vísað er í tölvubréf, dags. 24. júlí 2023, þar sem skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Voga óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar í Grænubbyggð, norðursvæði.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um deiliskipulag suðursvæðis og tengda aðalskipulagsbreytingu, þá nefnt eftir Grænuborg, þann 7. júlí 2022. Í þeirri umsögn kom fram sú almenna ábending að fjörur og tjarnir á Vatnsleysuströnd væru mikilvæg viðkomusvæði fugla, sérstaklega á fartímum. Því væri mikilvægt að leyfa náttúrulegri strandlengju að halda sér eins og kostur er og leggja ekki göngustíga eða aðra innviði of nálægt fjörumörkum til þess að vernda þessi búsvæði. Einnig þyrfti að hafa í huga að eldhraun á nútíma njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og að áætluð uppbygging myndi raska hrauni að hluta þó mikið af svæðinu hafi verið raskað áður.

Þessar ábendingar eiga einnig við um norðursvæði Grænubbyggðar og sérstaklega er ábendingin um eldhraunið mikilvæg því á þessu svæði hefur hrauni ekki verið raskað enn. Meta þarf vandlega hvort allt rask sé nauðsynlegt. Fram kemur í greinargerð deiliskipulagsins markmið um að forðast óþarfa röskun á hrauni og að vernda stærstu hraunhóla á svæðinu sem og aðrar sérstæðar hraunmyndanir. Mikilvægt er að útfæra hönnun innan einstakra lóða og á opnum svæðum og tryggja eftirlit með framkvæmd uppbyggingar þannig að þessi markmið náist.

Við framkvæmd og rekstur dælustöðvar þarf að huga að mikilvægi nálæggra fjörusvæða sem búsvæði fyrir fugla og aðrar lífverur. Tryggja þarf að óæskileg mengun berist ekki í fjörunar og að framkvæmd við uppbyggingu fráveitumannvirkja valdi ekki óþarfa raski. Fjörunar og nálægar tjarnir eru undir hverfisvernd og einnig á gildandi náttúruverndarsviði (C-hluta).

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

